



STEINGRÍMUR HERMANNSSON

MÍN FRAMTÍÐARSÝN

Í raun þarf ég ekki að hafa mörg orð um þá framtíð sem mig dreymir um fyrir íslenska þjóð. Þann draum hef ég lengi átt. Hann hefur lítið breyst með árunum.

Mig dreymir um sjálfstætt og fullvalda Ísland, sem byggt er frjálsum mönnum, sem ráða sjálfir sínum málum eins og aðstæður í heiminum frekast leyfa, þar sem menn hafa mikið frelsi til athafna en skilja og virða skyldur sínar við þjóðina. Ég vil að Ísland verði ætíð land velferðar, þar sem öllum er tryggður aðgangur að bestu menntun, að bestu heilsugæslu og áhyggjulausum elliárum, heilbriggt fjölskyldulíf í hávegum haft með áherslu á gott uppeldi barna og heilbrigða æsku án vímuefna.

Mig dreymir um land, sem á vinsamleg samskipti við allar þjóðir en ófrið við enga, land, í fararbroddi í allri meðferð sinna auðlinda og síns umhverfis og reyndar heimsins alls. Ég vil að Íslendingar taki mikinn og virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og beiti sér þar af krafti og ábyrgð fyrir slíkum gildum.

Með öðrum orðum, mig dreymir um þjóð, sem er til fyrirmyndar.

Eflaust sýnist ýmsum mín framtíðarsýn óraunhæf og jafnvel draumórar einir. Það er rangt. Einar Benediktsson sagði: „Vilji er allt sem þarf.“ Með þessum orðum er mikið sagt. Að vísu er það rétt, að andsnúin öfl geta oft komið í veg fyrir framkvæmd, jafnvel þótt studd sé af sterkum vilja, en það er jafnframt stadreynd, að enginn stekkur lengra en hann hugsar. Sá sem er viljalaus og hugsar smátt gerir lítið og fátt. Vegna efasemdanna verð ég að rökstyðja með nokkrum orðum mína framtíðarsýn.

SJÁLFSTÆTT OG FULLVALDA ÍSLAND.

Um sjálfstæðið og fullveldið ræði ég fyrst. Það er undirstaðan undir allt annað.

Við Íslendingar höfum reynslu af erlendum yferráðum. Sú reynsla var ekki

góð. Þó hygg ég að þau erlendu yferráð hafi verið ólíkt skárri en flestar aðrar þjóðir undir erlendri stjórn hafa mátt þola. Þetta er í raun skiljanlegt. Hin erlenda herraþjóð hugsar fyrst og fremst um eigin hag.

Hér á landi hófust framfarir ekki að ráði fyrr en við Íslendingar réðum nokkru í okkar málum og segja má að þær hafi haldist í hendur við það. Því meiru sem við réðum sjálfir, því meiri urðu framfarirnar. Vissulega voru mörg mistök gerð. Oft var hrasað. Annað væri í raun óeðlilegt. Barnið, sem lærir að ganga, hrasar oft og stundum illa. Við Íslendingar lærðum þó furðu fljótt að standa á eigin fótum. Á aðeins fáum áratugum tókst okkur að skapa þjóðfélag, sem er að mörgu leyti í fremstu röð, ekki síst í efnahagslegu tilliti.

Nú munu margir segja: „Gott og vel, en aðstæður eru allt aðrar nú.“ Þetta er rétt. Aðstæður eru mjög breyttar og það hefur mikil áhrif á sjálfræði sérhverrar þjóðar. Heimurinn hefur smækkað og þjóðirnar færst mikið saman bæði í fjarlægð og þörfum. Þetta hefur ekki gerst sársaukalaust. Stórveldin hafa leitast við að þvinga vilja sínum upp á aðrar þjóðir, ætíð til ills. Mál er að linni. Þegar á heildina er lítið, fagna ég þó þessari nálgun þjóða heims. Með henni skapast meiri skilningur á aðstæðum og þörfum annarra þjóða og vaxandi samábyrgð á velferð heimsbygðar, meðal annars á því umhverfi, sem er undirstaða lífs á jörðu. Við Íslendingar eigum að taka þátt í auknu samstarfi þjóða heims af einurð og fullri ábyrgð en ætíð sem sjálfstætt og fullvalda ríki.

Á sínum tíma var ég því fylgjandi að Íslendingum gerðust aðilar að Fríverslunarbandalagi Evrópu. Ég tel að það hafi verið rétt. Líklega eru fáir ósamála því í dag. Ég taldi einnig rétt, að Íslendingar leituðu eftir viðskiptasamningum við Evrópubandalagið. Reyndar má segja, að ég hafi hafið það samningaferli á fundi leiðtoga EFTA-ríkjanna í Osló 1990. Það gerði ég hins vegar með ákveðnum fyrirvörum um sjálfræði okkar Íslendinga í eigin málum. Því miður hefur verið gengið út á ystu nöf í þeim samningum, sem gerðir voru um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég var og er enn sannfærðari um það nú, að með þeim var afsalað í hendur erlendra aðila meira ákvörðunarvaldi í innlendum málefnum en íslenska stjórnarskráin leyfir. Þetta hefur, hygg ég, sannast. Stór hluti af nýjum lögum og reglugerðum hér á landi koma nú frá Brussel. Þessi staða er í raun óþolandi fyrir sjálfstæða þjóð.

Sumir telja, að við Íslendingar eigum að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Helstu rökin eru þau, að með því fengist nokkur fjárhagsleg hagræðing, einkum lækkun vaxta. Satt að segja þykir mér auðhyggjan komin á mjög hættulegt stig, ef selja á sjálfstæði þjóðarinnar fyrir smávægilega lækkun vaxta.

Einnig er aðild rökstudd með því, að sem aðilar tækjum við þátt í allri

ákvarðanatöku sambandsins. Þetta eru vissulega meiri rök, eins og nú er komið okkar stöðu gagnvart Evrópusambandinu. Ég efast hins vegar mjög um, að smáríki fái lengi að njóta jafnréttis, hvað þá að hafa neitunarvald. Með fjölgun aðildaríkja verður Evrópusambandið óstarfhæft með þeim reglum, sem þar gilda nú. Þeim hlýtur að verða breytt.

Ef viljinn er fyrir hendi, geta Íslendingar um ár og jafnvel aldir verið sjálfstæð og fullvalda þjóð. Ég vona að við eigum öll þann vilja.

FRELSI MEÐ VELFERÐ.

Vitur maður sagði: „Engin þjóð er sterkari en einstaklingarnir, sem hana mynda“. Við þetta mætti bæta, að sterkur verður sá einn, sem nýtur frelsis til að beita hugviti sínu og orku. Landnemarnir voru sterkir einstaklingar, sem flúðu land sitt og komu hingað til að mega njóta frelsis.

Til þess að einstaklingarnir geti notið frelsis til athafna verður efnahagslíf-ið að vera heilbrigt. Ríkja verður sæmilegur stöðugleiki. Svo hefur ekki verið hér á landi fyrr en síðasta áratuginn. Á uppvaxtarárum hins íslenska lýðveldis var efnahagslíf-ið veikt og óstöðugt, hart var deilt um skiptingu þjóðarkökunnar og varasjóðir engir til að mæta áföllum af náttúrunnar eða mannanna völdum.

Þótt auðveldara sé um að tala en í að komast, freistast ég til þess að skella skuldinni á nýsköpunarstjórnina, sem tók við umtalsverðum sjóðum eftir stríð-ið, stríðsgróðanum svonefnda, en sólundaði honum í vafasamar, ríkisstýrðar fjárfestingar. Áratugi tók að byggja upp einhvern varasjóð í stöðugum verkföllum og verðbólgu. Það var ekki fyrr en með þjóðarsáttinni 1990, að svigrúm skapadist fyrir frjálst framtak dugmikilla athafnamanna.

En vandi fylgir veggsemd hverri. Frelsið má aldrei vera hömlulaust. Það væri eins og að afnema allar reglur um akstur á þjóðvegum landsins. Engum dettur slíkt í hug. Þó má skilja á hörðustu einstaklingshyggjumönnum, að sérhver afskipti stjórnvalda séu af hinu illa. Því er ég ósammála. Hinu opinbera ber að setja lög og reglur, sem skapa ramma um hið frjálsa framtak og skilgreina ábyrgð einstaklinga og fyrirtækja gagnvart þjóðfélaginu.

Eigingirnir er ein af sterkustu hvötum mannsins. Í stjórnlausu frelsi brýst hún út sem græðgi, mikið vill meira. Því miður er það orðið afar áberandi hér á landi. Svo virðist sem margir líti á græðgina sem einn meginrífkraft þjóðar-búsins. Að vísu er það aldrei nefnt því nafni, heldur krafa um arðsemi. Mann-gildið er þá einskis metið. Auðgildið ræður. Jafnvel fyrrverandi samvinnufélag, sem stofnað var til að halda vörð um manngildið, fórnar fólkinu í Hrísey

fyrir von um meiri arð á Dalvík. Ég vona að takast megji að koma böndum á græðgina. Það er afar mikilvægt.

Í engu brýst græðgin út í ljótari mynd en í skefjalausri viðleitni fíkniefna-salanna við að veiða unglinga í net sitt. Oft eru þau verk í raun verri en mörð.

Ég legg mikla áherslu á, að öllum einstaklingum sé tryggð lágmarksvel-ferð. Með því á ég alls ekki við, að alið verði á viljaleysi einstaklingsins til að bjarga sér. Stadreyndin er, að menn eru misjafnlega af gudi gerðir. Sumir verða einfaldlega undir í harðri samkeppni um lífsins gæði. Það á að vera metnaðar-mál okkar Íslendinga, að enginn þurfi að svelta, að allir fá notið þeirrar mennt-unar, sem hæfileikar leyfa, og bestu heilsugæslu án þess að þurfa að hafa af því fjárhagsáhyggjur. Þetta verða þeir að sjálfsögðu að greiða, sem hafa náð til sín stærri hluta af þjóðarauðnum.

ERLENT SAMSTARF

Við Íslendingar eigum að taka þátt í öllu því erlenda samstarfi, sem hefur það markmið að stilla saman strengi þjóða heims til góðra verka. Þar á rödd okkar að heyrast hátt og skýrt með áherslu á réttlæti, mannúð, frið, velferð, sjálfbæra þróun og raunar á allt það, sem við viljum hafa sjálf í okkar landi.

Við Íslendingar höfum lengi verið þátttakendur í varnarsamtökum vest-rænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu. Það var eðlilegt. Við áttum það sameig-inlegt með öðrum þjóðum í Vestur-Evrópu að standa ógn af kommúnisman-um. Því verður ekki á móti mælt, að með samstöðunni tókst að koma í veg fyrir enn eina styrjöld í Evrópu og stuðla að falli kommúnismans.

Flestir Íslendingar voru, lengi vel að minnsta kosti, sammála um það, að Íslendingar ættu ekki að taka þátt í hernadarátökum eða lýsa stuðningi við slíkt. Það tel ég að hafi verið og sé enn rétt stefna. Ofast á hernadarbrölt stórveld-anna rætur að rekja til sérstakra hagsmuna þeirra sjálfra. Þau telja áhrifum sínum eða efnahag ógnad. Við Íslendingar eigum ekkert erindi í slíkt, herlaus smá-þjóð. Við eigum að nota rödd okkar á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir styrjaldir. Stundum hefur verið sagt, að smáþjóðir geti verið eins konar sam-viska alheims. Til þess verður smáþjóðin að vera sjálfstæð og sjálfri sér samkvæm.

Ég vona að Sameinuðu þjóðirnar standi undir nafni og verði sá vettvangur þar sem rödd skynsemi og heilbrigðra skodana hljómar sterk. Þar eigum við Íslendingar að láta í okkur heyra, ekki sem hlýðinn rakki, sem þóknast hús-bónða sínum, heldur sem sjálfstæð þjóð með eigin skodanir.

AÐ NÝTA AUÐLINDIRNAR

Því verður ekki neitað, að við Íslendingar komumst óvenju skjótt í góð efni. Þegar hyllti undir sjálfstæðið, hljóp mikið kapp í landsmenn. Mennteygdu von um mikinn arð af gjöfulem fiskimiðum og kraftmiklum fallvötnum. Dugmikil þjóð var ákveðin í að nýta sér þessar auðlindir. Fyrstu áratuginir voru vissulega erfiðir. Í gegnum fátækt, harðræði og vösbúð var brotist fram á veg og það tókst. Sjávarútvegurinn lagði grundvöllinn að velmegun íslensku þjóðarinnar.

Stórkostlegt er að kynnast dugnaði og baráttu íslenskrar alþýðu til sjávar og sveita á þessum árum. Það hlotnaðist mér í sveitinni sem unglingi og ekki síst á fyrstu árum mínum á Vestfjörðum. Það var góður skóli. Þar skildi ég hvernig menn höfðu eygt von um betri framtíð og ekkert látið aftra sér að ná þangað.

Nýting fallvatnanna og jarðhitans fylgdi í kjölfarið. Þar eygdu menn eins konar annað stig hagvaxtar og velmegunar. Dæmin blöstu við, ekki síst í Noregi.

Þegar ég kom heim frá námi sem ungur verkfræðingur árið 1952 var stóri draumurinn að virkja fallvötnin og nýta orkuna ekki síst til stóriðju. Verkfræðistofur teiknuðu og reiknuðu stórar virkjanir á hálendinu, eins og að virkja Þjórsá með risastóru uppistöðulóni í Þjórsárverum með mikilli stíflu á Norðlingaöldu og virkjun Dettifoss, svo dæmi séu nefnd. Og enginn hreyfði mótmælum.

Þetta var skiljanlegt þá. Mennt þekktu ekki hið sterka samspil manns, umhverfis og alls lífs á jörðu. Þá var talið sjálfsagt að nýta auðlindirnar til hagvaxtar. Vissulega var það rétt, þótt oft hefði mátt fara varlegar.

EKKI ER ALLT SEM SÝNIST

Af biturri reynslu hefði okkur Íslendingum að vísu átt að vera ljóst að fara verður gætilega með auðlindir jarðarinnar. Sagan og minjar segja okkur, að Ísland var að stórum hluta skógi vaxið, þegar það byggðist. Landnemarnir, sem ekki gerðu sér grein fyrir mikilvægi skógarins, hjuggu hann óspart og nýttu sem eldivið eða til bygginga og beittu á hann búfénaði sínum. Eins og allir vita nú varð afleiðingin sú, að um það bil helmingurinn af gróður mold landsins hefur fokið eða skolast á sjó út.

Þegar berar klappirnar blöstu við, skildu menn þetta smám saman. Með sjálfstæðinu hófst því viðleitni til að bæta skadann. Landgræðsla og skógrækt var fyrsta átak okkar Íslendinga í umhverfismálum. Það hófst þó ekki að marki fyrr en um miðja öldina. Við vorum þó langt frá því að vera síðastir til að skilja mikilvægi skóganna. Frumskógum á stærð við Ísland er enn eytt á ári hverju og með þeim hverfa hundruð lífvera árlega.

Segja má manninum til afsökunar, að skilningur á samspili manns og náttúru var lítt langt fram eftir öldinni. Þegar hin merka vísindakona Rachel Carson gaf út sína frægu bók árið 1962, sem á íslensku var gefið nafnið *Raddir vorsins þagna*, urðu menn í besta falli undrandi, ef ekki reiðir eða sárir. Þá hafði „græna byltingin“ hafist. Með notkun eiturfena eins og DDT töldu menn sig geta eytt óæskilegum snikjudýrum, margfaldað uppskeru og séð ört vaxandi fólksfjölda fyrir fæðu. Rachel Carson spurði í raun þeirrar einföldu spurningar, hvort menn vissu hvaða áhrif þessi eiturfeni hefðu á lífríkið, þegar til lengri tíma væri litið. Eyðast þau, eða halda þau áfram að virka um langan tíma og þá ef til vill stöðugt ofar í fæðukeðjunni, spurði Carson og hún færði rök að því að það væri líklegt. Stóru efnafyrirtækin, sem framleiddu eiturfenin, brugðust ókvæða við. Þau vörðu gifurlegu fjármagni til að hrekja ummæli Carson. Hún var úthrópuð sem afturhald og andstæðingur framfara. Rachel Carson lést nokkrum árum síðar án þess að hafa hlotið viðurkenningu fyrir sitt merka framtak.

Nú er löngu sannað að Rachel Carson hafði rétt fyrir sér. Bók hennar hefur verið gefin út þrettán sinnum í Bandaríkjunum og þýdd á fjölda tungumála; Rachel Carson er viðurkennd sem brautryðjandi í umhverfisvernd. Í nokkur ár hefur notkun á DDT og öðrum skyldum eiturfenum verið bönnuð í vestrænum löndum. Þótt mönnum sé skadinn ljós, eru þau þó enn notuð víða um heim. Þau berast með straumum í lofti og legi um heim allan, ekki síst til heimskautalanda þar sem þau valda ómældum skada á lífríkinu öllu, einnig mönnum.

Dæmin um hatramma andstöðu hinna alþjóðlegu risafyrirtækja við hugmyndir um skadleg áhrif af framleiðslu þeirra á umhverfið eru því miður mörg. Þegar tveir vísindamenn uppgötvuðu upp úr 1970 að ósonlagið var að eyðast og stórt gat hafði myndast á því yfir suður heimskautinu og leiddu rök að því að þetta mætti rekja til klór efnasambanda, einkum freons, sem notuð hafa verið í frystitækjum, údabrusum og mörgu öðru, brugðust framleiðendur mjög hart við. Efnin höfðu lengi verið talin meðal merkustu uppgötvana í efnanotkun. Það var mörgun árum seinna, að Geimferðastofnun Bandaríkjanna sýndi fram á að mennirnir höfðu rétt fyrir sér. Stofnunin hafði nánast af tilviljun safnað upplýsingum árum saman um ósonlagið. Þær sýndu að það var að eyðast svo ekki varð um deilt. Loks árið 1992 komu flestar þjóðir heims sér saman um að banna notkun umræddra efna. Nokkrar þjóðir, meðal annars Kínverjar, hafa þó ekki gerst aðilar að því samkomulagi og sums staðar mun það enn notað þrátt fyrir bannið.

Mörg fleiri dæmi um andstöðu stórfyrirtækja og jafnvel einstakra þjóða mætti nefna. Ætíð stafar sú andstaða af skammsýni og misskildum eiginhagsmunum. Yfirleitt hefur um síðir sannast, að varnaðarorðin hafa átt rétt á sér. Þessi dæmi eru um leið lærdómsrík af því að þau sýna að um síðir hefur náðst samstaða um að stöðva skaðann. Það vekur bjartsýni. Sem betur fer höfum við Íslendingar stutt þær alþjóðlegu aðgerðir, sem hér um ræðir.

Þessi þróun hefur haldið áfram og í stærri skrefum. Því miður uppgötvast stöðugt fleiri dæmi og jafnvel alvarlegri um skaðleg áhrif mannsins á sitt umhverfi, á grundvöll lífs á jörðu. Það sem við höfum talið miklar og góðar framfarir hefur stundum reynst mjög skaðlegt. Ekki er allt sem sýnist.

Einnig er það umhugsunarvert, að enn spyrna stórfyrirtækin við fótum og verja óhemju fjármagni til að koma í veg fyrir nauðsynlegar aðgerðir. Þetta er sérstaklega áberandi í Bandaríkjunum. Þar verja þau enn tugum milljóna dollara til að koma í veg fyrir að Kyoto-samningurinn um hreinsun andrúmsloftsins verði staðfestur.

Þetta er á miklum misskilningi byggt. Framtíð stórfyrirtækjanna, ekki síður en einstaklinga, er háð heilbrigðu umhverfi og grundvelli lífs á jörðu. Fyrirtækin verða að breyta viðhorfum sínum. Þau verða að taka áhrifin á umhverfið með í reikninginn á sinni arðsemi og kostnaðinn við að lagfæra það sem úrskaiðis fer. Þau eiga að vinna með svonefndum umhverfissinum að skynsamlegum umhverfismálum. Fáein stórfyrirtæki hafa gert þetta og vinna ötullega að umhverfismálum á sínu sviði. Því ber að fagna.

MADURINN OG JÖRÐIN

Mér verður æ oftast hugsað til þess, hvort líf hafi orðið til á þessari einstæðu jörð okkar fyrir tilviljun eina saman. Reyndar hafa þær þá orðið að vera æði margar.

Fullyrt er að alheimurinn hafi orðið til við mikla sprengingu fyrir um það bil 15 milljörðum ára. Það vekur upp margar spurningar. Hvað var fyrir þann tíma? Hver kveikti á kveikiþræðinum? Eða, var þetta tilviljun ein? Svör við slíkum spurningum eru utan efnis þessarar stuttu greinar.

Síðan hafa tveir kraftar tekist á um sköpun alheimsins. Annar leitast við að sundra, hinn að sameina. Aðeins hárfínt jafnvægi á milli þessara krafta hefur getað skapað heillega hnetti og um leið haldið áfram útþenslu alheimsins, en jafnframt komið í veg fyrir að hann dragist saman á ný í örlitla svarta holu, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Talið er að líf hafi myndast á jörðu fyrir nálægt 4 milljörðum ára. Það myndast í hafinu og var í upphafi afar frumstætt, aðeins einfrumungar. Til þess,

að það gæti orðið, þurfti enn á ný hárfínt jafnvægi og einhvern kraft, sem menn þekkja ekki. Helst er talið að þar hafi eldingar verið að verki við nákvæmlega réttar aðstæður. Þróun þessa lífs í eitthvað meira tók milljarða ára og sú þróun var ekki þrautalaus. Oft varð smávægileg skerðing á hinu hárfína jafnvægi til þess að líf þurrkaðist nánast út á jörðu. Stundum gerðist það fyrir áhrif lífveranna sjálfra. Þeim virðist hafa fjölgað svo ört, að þær röskuðu jafnvæginu og tortímdust. Þróunin varð þá að hefjast að nýju, en smám saman á styrkari grunni. Slíkt gerðist til dæmis fyrir um 570 milljónum ára, þegar talið er að um 80 til 90 af hundraði lífvera hafi eyðst og aftur fyrir um 245 milljónum ára. Þá er talið að allt að 95 af hundraði allra tegunda hafi þurrkast út. Síðasta tortímingin varð fyrir 67 milljónum ára, þegar risaæðlurnar hurfu, meðal annars. Maðurinn tilheyrir því tímabili sköpunarsögunnar, sem þá hófst.

Forfedur mannsins verða ekki til fyrr en á því tímabili, sem nefna mætti síðustu augnablik sköpunarsögunnar. Hann fer ekki að hafa áhrif á umhverfi sitt fyrr en síðustu 5-10 þúsund árin, en það gerir hann síðan í hraðvaxandi mæli.

Eðlisfræðingurinn Freeman Dyson, prófessor við Princeton háskólann í Bandaríkjunum, segir að því lengur, sem hann vinnur að því að skýra sköpun alheimsins, því sannfærðari verði hann um, að sú þróun, sem hefur leitt til núverandi gerðar hans og þar með til lífs á jörðu og tilvistar mannsins, hafi verið ákveðin í upphafi. Aðeins þannig telur hann unnt að skýra þær fjölmörgu breytingar og það mikla og flókna úrval, sem orðið hefur af náttúrunnar hendi.

Skodun hins þekktu trúarheimspekings Thomas Berrys er ekki síður athyglisverð. Í bók sinni *Befriending the Earth* segir hann meðal annars: „Það er ekkert til, sem nefna mætti „mannlegt samfélag“ án jarðarinnar og jarðvegsins og andrúmsloftsins og vatnsins og alls þess, sem lifir. Án þessa er maðurinn ekki til. Það er því ekkert sjálfstætt mannlegt samfélag. Maðurinn er samofinn þessu stærra samfélagi. Stóra samfélagið er hið órjúfanlega samfélag“.

Það er góð regla að fara varlega með fjöreggið. Því miður bendir mjög margt til þess, að maðurinn geri það ekki. Sumir segja, að við séum komnir fram af brúninni. Ég trú því ekki. Ég trú því, að maðurinn geti með sinni miklu þekkingu og hugviti snúið þróuninni við og tryggt áfram það hárfína jafnvægi, sem er samfélagi lífs á jörðu nauðsynlegt. Til þess þarf hann þó að bregðast við skjótt og vel og með sameinuðu átaki. Í því má enginn skerast úr leik.

Ég hef orðið nokkuð langorður um þróun lífs og gerðir mannsins, því ég tel það ómissandi rökstuðning fyrir því, sem ég tel mikilvægast í minni framtíðarsýn, sjálfbærri þróun.

STAÐAN NÚ

Áður en ég kem að þeim draumi mínum, að Íslendingar verði öðrum þjóðum framsýnni og til fyrirmyndar um sjálfbæra þróun, er rétt að líta á stöðuna í dag.

Óhætt er að fullyrða að gífurleg breyting hefur á tiltölulega fáum árum orðið á viðhorfi manna til umhverfisins og verndunar þess. Það er ekki fyrr en á síðustu árum, að viðurkennd eru þau sannindi, sem ég nefndi að framan, að maðurinn er aðeins óaðskiljanlegur hluti af langtum stærra samfélagi. Áður voru þeir, sem slíku héldu fram taldir sérvitringar. Því miður eru þeir enn margir, sem enn eru þeirrar skoðunar. Vonandi fer þeim fækkandi.

Þessi viðhorfsbreyting verður smám saman með hverjum nýjum sannleika um skaðleg inngríp mannsins í umhverfi sitt. Lengi vel töldum við Íslendingar, að eyðing skóga og gróðurs hér á landi væri staðbundið vandamál. Nú vitum við betur. Eyðing skóganna er eitt af alvarlegustu umhverfisslysnum jarðar. Ekki aðeins leiðir það til stórflóða, eyðingu gróðurs og hundraða líftegunda á ári hverju, heldur hverfur með trjánnum mjög mikilvægur hlekkur í hreinsun koltvíldis úr andrúmsloftinu. Nú er talið að allt að 90 af hundraði af skógum jarðar hafi verið eytt.

Ég hef áður nefnt bók Rachel Carson, *Raddir vorsins þagna*. Hún markar mikilvæg tímamót, sem að vísu tók langan tíma að fá staðfest. Fyrir fimm árum kom út bókin *Our stolen future*. Það er einskonar vísindaleg úrtekt á ábendingum Rachel Carson. Niðurstaðan er ekki falleg. Hún er eins og versta hryllingssaga. Eiturefnin breiðast um heiminn allan. Þau valda dauða húna ísbjarnanna á Svalbarða og ungbarna við stóru vötnin í Bandaríkjunum, ef mæðurnar höfðu neytt fiskjar úr menguðum vötnunum í einhverjum mæli og nýlega sáum við í fréttum, að móðurmjólki fjölmargra kvenna í Færeyjum, Grænlandi og Alaska, sem neyta fitu æðri sjávarspendýra, er orðin hættulega menguð.

Við Íslendingar lifum fyrst og fremst af hafinu. Fiskstofnarnir eru okkar mikilvægasta auðlind. Víða eru höfin orðin mjög menguð, jafnvel svo að sjávardýr, sem þar lifa, eru talin hættuleg heilsu manna. Enn mun hafið í kringum Ísland vera sæmilega hreint. Hvað verður það lengi?

Árið 1990 sat ég ráðstefnu í Bergen til undirbúnings Ríó-ráðstefnunnar um umhverfismál. Þarna var rætt um mengun hafsins. Mikill meirihluti var samþykktur ályktun, sem gerði ráð fyrir, að óheimilt yrði að varpa í hafið úrgangi nema sannað teldist að hann væri skaðlaus. Bandaríkjamenn einir höfnuðu þeirri tillögu og lögðu til að aðeins yrði bannað að varpa í hafið úrgangi, sem sannað teldist að væri skaðlegur. Fullyrt var manna á milli, að þarna gætti áhrifa stóru iðnfyrirtækjanna í Bandaríkjunum. Þetta er svipað viðhorf og réð notk-

un eiturefna á bord við DDT fyrir áratugum. Ráðstefnan leystist nánast upp vegna þessa ágreinings.

Slík viðhorf eru sjaldgæf í dag. Þó fer því víðsjarri, að tekist hafi að koma í veg fyrir mengun hafsins. Í hafið berast að lokum flest þau efni, sem á landi eru notuð og sá úrgangur, sem frá mönnunum kemur. Sérstök fyrirtæki annast það enn að varpa í hafið á afskekktum stöðum úrgangi frá ýmiss konar iðnaði. Slík mengun berst um öll heimsins höf.

Við Íslendingar höfum að sjálfsögðu stutt allar aðgerðir til að halda höfunum eins hreinum og frekast er unnt, enda eigum við mikilla hagsmuna að gæta. Því miður er þó víða hér á landi pottur brotinn og of lítið um það hirt hvað í hafið fer. Máltakið „lengi tekur sjórinn við“ er langlíft.

Það var ekki fyrr en á níunda áratugnum, að menn fóru að hafa áhyggjur af andrúmsloftinu. Þá settu Sameinuðu þjóðirnar á fót alþjóðlega nefnd til að kanna málið. Með nefndinni starfa um 1.500 vísindamenn frá fjölmörgum þjóðum. Eftir marga fundi og ráðstefnur komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að mikil hættu væri á ferðum. Hún hefur birt um það miklar skýrslur með ítarlegum rökstuðningi. Málið er allflókið, en á einfaldan máta má lýsa því þannig: Við bruna, einkum á olíu og kolum, myndast efni, sem safnast saman í andrúmsloftinu og breytir því jafnvægi, sem er á milli innstreymis og útstreymis á hita til og frá jörðu. Mest kveður að koltvíldi, sem dregur úr útgeislun. Heildaráhrifin verða því upphitun á yfirborði jarðar svipað og verður í gróðurhúsi. Lofttegundir þessar eru því einu nafni nefndar gróðurhúsalofttegundir.

Þessi upphitun gerist mjög hægt. Talið er að meðalhitastigi á yfirborði jarðar hafi hækkað um nálægt 0,5 til 1 gráðu á síðustu 100 árum. Hraði breytingarinnar fer hins vegar mjög vaxandi. Nefndin spáir því, að hitastigið muni hækka um 2 gráður á næstu 100 árum og jafnvel meira með sama framhaldi. Þetta hljómar ekki sem mikil breyting og líklega þagna því ýmsir að fá aðeins meiri hita á norðurslóðum. Í þeim efnum er þó ekki allt sem sýnist. Jafnvel þessi tiltölulega litla hækking hitastigs mundi leiða til bráðnar íssins í heimskautalöndunum og með því hækkar yfirborð sjávar um að minnsta kosti 50 sentimetra. Það mundi leggja mikil landsvæði og nokkur eyríki undir vatn. Þessi hækking hitastigs mundi breyta víðáttumiklum landsvæðum í eyðimerkur, ofsavæður mundu færast mjög í vöxt, sem reyndar er þegar að gerast, og það, sem ekki er síst alvarlegt, vísindamennirnir telja, að stefnur hafstraumanna mundu breytast, meðal annars, að Golfstraumurinn beygdi fyrir til austurs en hann gerir nú. Því gæti mjög kólnað hér á landi þótt hlýni sunnar. Loks er talið líklegt að slík breyting á hitastigi mundi raska svo því jafnvægi, sem nú rík-

ir, að kólnun gæti fylgt í kjölfarið og ísöld skolið á langtum fyrr en annars hefði mátt gera ráð fyrir.

Árið 1990 var mælt til þess, að vestrænar þjóðir leitust við að draga svo úr útstreymi koltvíldis, að það yrði ekki meira árið 2000 en það var árið 1990. Við skrifuðum undir þá viljayfirlýsingu. Það ákvað sú ríkisstjórn sem þá sat. Ný stóriðja var að vísu undanskilin enda Atlantsál á Keilisnesi þá í undirbúningi. Á þessari forsendu virðist sem takast muni að standa við þetta markmið. Athyglisvert er, að það er þó fyrst og fremst því að þakka, að gamla álverid í Straumsvík hefur mjög bætt sinn rekstur að þessu leyti. Eigin losun okkar, sem er fyrst og fremst frá umferð og útgerð, hefur hins vegar aukist verulega, enda hefur lítið verið gert til að draga úr henni og sérstaklega hefur heildarlosun að meðtalinni nýrri stóriðju aukist mikið.

Nýleg ráðstefna í Kyoto, þar sem leitað var eftir samstöðu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, misstókst að sumu leyti. Allsherjarsamstaða náðist ekki. Þróunarríkin voru undanþegin kvöðum um samdrátt í losun. Rökstudningur þeirra er einfaldlega sá, að það alvarlega ástand, sem skapast hefur, væri iðnríkjunum að kenna og þeim bæri því að sýna viljann í verki og hreinsa upp eftir sig áður en kvaðir yrðu settar á þau ríki, sem lítið hefðu til þess unnið. Mikilvægt skref var þó stigið með því samkomulagi sem náðist um, að iðnríkin dragi verulega úr losun á næstu árum og í framhaldinu komi röðin að öðrum ríkjum heims. Fáein lönd fá þó heimild til að auka losun eitthvað á tímabilinu, Ísland langsamlega mest, um 10 af hundraði. Það er viðurkenning á þeirri staðreynd að við nýtum þegar að verulegu leyti vistvæna orku og að áhrif af nýjum iðnaði hér á landi, sem væru vart merkjanleg á heimsvísu, mundu valda gífurlegri aukningu á landsvísu.

Öll vestræn ríki hafa undirritað samninginn nema Ísland, jafnvel Bandaríkin þrátt fyrir hatramma andstöðu stórfyrirtækjanna þar. Þau virðast enn vera við sama heygarðshornið, því miður. Að mínu mati er það stórslys, að við Íslendingar höfum ekki undirritað samninginn og líklega verstu mistök, sem við höfum gert í alþjóðasamskiptum, ef ekki verður fljótlega úr því bætt. Um það mun ég ræða nánar síðar.

Ég gæti lengi haldið áfram að telja upp hættumerkin, sem rekja má til aðgerða mannsins. Margar dýrategundir eru til dæmis í útrýmingarhættu. Þeirri upptalningu sleppi ég. Varla verður þó þessum kafla lokið án þess að nefna þá hættu, sem ýmsir telja hvað mesta, offjölgun mannkyns. Íbúar jarðar eru nú um 6 milljarðar. Eftir 30 til 40 ár er talið, að fjöldinn verði orðinn tvöfalt meiri. Hvernig á að fæða þann fjölda? Hver verða áhrifin á náttúruna og umhverfið almennt?

Þegar á allt er litið stöndum við Íslendingar líklega sæmilega vel að vígi. Að minnsta kosti eiga aðrar þjóðir við langtum meiri erfiðleika að stríða. Tökum annað eyland, Filippseyjar, sem dæmi. Íbúar eyjanna voru í upphafi aldarinnar um 6 milljónir. Fjöldinn hefur um það bil tvöfaldast á hverjum tuttugu árum og er nú að nálgast 100 milljónir. Á sama tíma hefur lífi í hinu auðuga votlendi eyjanna að mestu verið eytt, 80 af hundraði kóralrífjanna, sem hafa fóstorað eitthvert auðugasta lífríki jarðar, eru nánast rústir einar og frumskógarnir, sem eitt sinn þöktu 90 af hundraði yfirborðs eyjanna, hafa nær allir verið höggðir. Á hverju á þessi þjóð að lifa?

SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Mér er, satt að segja, afar illa við að nota orðið sjálfbær. Ekkert er „sjálf“bært. Ekkert kemur af sjálfum sér. Til alls þarf vilja og átak. Orðið er auk þess léleg þýðing á enska orðinu „sustainable“. Það merkir eitthvað, sem unnt er að viðhalda. Haldbær þróun væri ólíkt betri þýðing. Hins vegar virðist sjálfbær þróun hafa festst í málinu. Ég ákvað því að nota það.

Í skýrslu Brundtland-nefndarinnar svonefndu, sem út kom árið 1987 og nefnist „Okkar sameiginlega framtíð“, er „Sustainable“ (sjálfbær) þróun skilgreind sem sú þróun, sem gerir núlifandi kynslóð kleift að fullnægja þörfum sínum án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar.

Í minni framtíðarsýn gera Íslendingar þetta markmið að sínu og miða allar sínar gerðir við að því megi ná. Mér er ljóst, að til þess þarf mikið átak og mörg ár mun taka að komast á sjálfbæran grundvöll. Mér er einnig ljóst að margir, einkum þeir, sem krefjast sem víðtækast frelsis, munu leggja hart gegn allri vitleitni til að stýra þjóðfélaginu inn á slíka braut þar sem framleiðslan, neyslan og reyndar flestar athafnir mannsins yrðu að takmarkast við það að halda því samfélagi heilbrigðu, sem maðurinn er hluti af. Það er rétt, að til að þetta megi takast, verður frelsið að vera skynsamlegum takmörkunum háð, enda má ljóst vera af því, sem að framan er rakið, að óbreytt stefna mun leiða mannkynið í ógöngur. Þá er frelsið orðið lítils virði.

En hvernig má þetta gerast? Ekki ætla ég mér að þekkja það til hlítar, enda þarf til mikla vinnu manna með þekkingu á hinum fjölmörgu þáttum þróunarinnar. Þó vil ég nefna nokkur mikilvæg atriði.

1. Taka ber ákvörðun um, að við Íslendingar ætlum að stefna að sjálfbærri þróun.

2. Gera ber úttekt á stöðu þjóðfélagsins í dag með tilliti til sjálfbærrar þróunar.
3. Kanna ber vandlega hvernig leysa má þau vandamál, sem standa í vegi fyrir sjálfbærri þróun.
4. Gera ber framkvæmdaáætlun til langs tíma þar sem tekið er á hverjum þætti í skynsamlegri tímaröð.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á skýrslu, sem umhverfisráðuneytið gaf út 1997 um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, framkvæmdaáætlun til aldamóta. Drög að áætlun þessari voru rædd á fjölmennri ráðstefnu árið áður. Þetta verk er góð byrjun og vekur vonir. Að vísu er lítið til alltof stutts tíma en flest viðfangsefni eru nefnd og bent á leiðir til úrbóta. Áætlun þessa þarf að vinna að nýju og þá til langs tíma. Hún þarf að vera enn viðtækari, með ákveðnari aðgerðum og afdráttarlausri framkvæmd.

Á fáeinum sviðum stöndum við Íslendingar þegar nokkuð vel. Ég tel til dæmis, að landgræðsla og skógrækt séu á réttri leið þótt hvort tveggja þurfi að auka og efla. Við eigum frábæra vísindamenn á sviði landgræðslu, sem geta orðið öðrum þjóðum, sem eiga við landeyðingu og eyðimerkur að stríða, að miklu líði.

Á áttunda áratugnum komumst við að því, að fiskstofnarnir í hafinu í kringum Ísland voru í hættu vegna ofveiði. „Neyðin kennir naktri konu að spinna,“ er sagt. Það gerði hún í þessu tilfalli. Til að tryggja að komandi kynslóðir gætu nýtt þessa mikilvægustu auðlind ekkert síður en við, settum við lög og reglur, sem veita heimild til að takmarka veiðarnar. Mennt geta deilt um framkvæmd kvótakerfisins; ég hef sjálfur miklar efasemdir; en því verður vart neitað, að með því hefur okkur Íslendingum líklega tekist betur en nokkurri annarri þjóð að stuðla að viðgangi fiskstofnanna, eða með öðrum orðum, að sjálfbærri þróun þeirra.

Þetta getum við gert á öðrum sviðum, ef við skiljum nauðsynina og höfum til þess viljann. Á alþjóðlegum vettvangi leggjum við mikla áherslu á, að engin skadleg efni fari í höfin. Ég óttast, að því miður sé pottur víða brotinn hjá okkur sjálfum í þessum efnum. Við verðum að setja okkur að hætta notkun slíkra efna eða hreinsa þau úr öllum úrgangi áður en hann fer í hafið, bæði frá iðnaði, landbúnaði og heimilum. Þetta er mikið átak, til dæmis í landbúnaði, þar sem stefna þyrfti að því að gera alla ræktun eins lífræna og frekast er unnt.

Ýmsir virðast telja óviðráðanlegt fyrir okkur Íslendinga að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins og Kyoto samningurinn gerir ráð fyrir. Það tel ég mikinn misskilning. Sumir segja að við höfum þegar gert okkar skyldu, þeg-

ar við tókum upp nýtingu jarðhita og hreinnar raforku til upphitunar í stað kola og olíu. Það var mjög gott átak. Stadreyndin er þó sú að við losum að meðaltali á hvern íbúa álíka mikið af þessum lofttegundum og gert er í Vestur-Evrópu. Þótt við notum ekki lengur olíu til upphitunar, notum við hana því meira í bifreiðum okkar og flota. Það er að mínu mati fullkomlega óábyrgt að skerast úr leik í viðleitni þjóðanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við getum vel gert það, ef við viljum.

Í flestum löndum Vestur-Evrópu hefur átak verið gert til að draga úr umferð bifreiða með því að setja upp rafknúnar lestir þar sem umferð er mikil. Til dæmis hafa bæði Svíar og Norðmenn lagt hradlestabrautir frá sínum alþjóðaflugvöllum inn til höfuðborganna. Mér sýnist vel koma til greina, að leggja slíka braut frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Hún mundi nýtast langtum fleiri en flugfarþegum og gæti stuðlað að því að innanlandsflugði yrði flutt til Keflavíkurflugvallar. Rétt er að slík braut yrði dýr, en ég er sannfærður um, að það fjármagn sparadist fljótt í minni bifreiðumferð.

Íslenskur vísindamaður, Bragi Árnason, hefur árum saman unnið að rannsóknnum á nýtingu vetnis á bifreiða- og skipavélar. Til þess eru ýmsar leiðir þekktar. Meðal annars má auðveldla notkun þess með því að blanda það með koltvíldi, sem fengist frá járnblendiverksmiðjunni eða álbræðslum. Þannig væru slegnar tvær flugur í einu höggi. Vetnið yrði að sjálfsögðu framleitt með hreinni raforku. Bragi hefur lengi talað fyrir daufum eyrum. Síðustu árin hafa stjórnvöld þó lagt nokkuð fjármagn í þetta átak, en miklu meira þarf, ef duga skal. Í þessu sambandi þarf að setja sér tímaáætlun og standa við hana.

Ég er að vísu ekki lengur hlynntur því, að gera stóriðjuver að framtíðarvinnustöðum þessarar þjóðar, en ef menn vilja byggja álver hef ég ekkert á móti því, enda verði þá annað hvort keyptur losunarkvóti eða það koltvíldi, sem myndast, bundið, til dæmis með skógrækt sem álverið kostar. Bent hefur verið á að nýti álver hreina orku frá vatnsaflsvirkjun er heildarlosun koltvívildis aðeins um einn tíundi af því sem myndast við brennslu kola til orkuframleiðslunnar. Þetta er rétt. Af sömu ástæðu er kostnaðurinn við nauðsynlegar ráðstafanir vegna koltvívildisins vegna álvers hér á landi aðeins brot af því sem yrði víðast hvar annars staðar.

Ýmsar þjóðir, t.d. Norðmenn, hafa skattlagt losun á koltvíldi með góðum árangri. Aðrir skattar hafa þá yfirleitt verið lækkaðir á móti. Slíkt hvetur atvinnureksturinn til að draga úr losun. Undir þetta hefur reyndar verið tekið af íslenskum stjórnvöldum, en úr framkvæmd hefur ekkert orðið. Þessa leið á tvímælalaust að fara.

Ad sjálfsögðu er það innbyggt í sjálfbæra þróun að fara vel með landið, ekki síst viðkvæma náttúru þess. Við viljum ekki falla í sömu gryfjuna og forfedur okkar, sem hjuggu skóginn og glötudu gróðurmoldinni. Þeir vissu ekki betur. Það gerum við. Ad sjálfsögðu hlýtur hver meiriháttar framkvæmd að ganga í gegnum ítarlegt umhverfismat þar sem sérfræðingar meta hvort sá skaði, sem af framkvæmdinni hlýst, er þolanlegur, ekki aðeins fyrir okkur heldur einnig og ekki síður afkomendur okkar. Við Íslendingar erum ríkir og þurfum ekki að fóna óbætanlegum verðmætum fyrir stundarhag.

Ríó-ráðstefnan 1992 er merkasta og mikilvægasta tilraunin, sem gerð hefur verið, til að beina mannkyninu inn á braut sjálfbærrar þróunar. Þær samþykktir, sem þar voru gerðar, hafa ekki lagagildi en líta verður á þær sem siðferðislega bindandi fyrir þær þjóðir, sem þær hafa undirritað. Það gerðum við Íslendingar. Þar er meðal annars að finna svonefnda varúðarreglu, sem kveður skýrt á um, að ekki skuli ráðist í framkvæmd nema áður sé sýnt, að hún muni ekki valda umhverfisspjöllum. Ad óreyndu vil ég ekki ætla íslenskum stjórnvöldum að vanvirða slíkt ákvæði, sem þau hafa sjálf undirritað.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru enda málið margþætt. Ég vona þó, að mér hafi tekist að sýna fram á, að sjálfbær þróun er raunhæft markmið. Aðalatriðið er að ganga markvisst til verks með ákveðin markmið að leiðarljósi.

GLÆST FRAMTÍÐ, EDA HVAD?

Sumir telja að allt tal um umhverfisvá sé mjög ýkt og fullyrða að hættan framundan sé lítil sem engin. Helst eru það fulltrúar stórfyrirtækja, sem telja fjárhagshagsmunum sínum stefnt í vöð. Þeim fækkar þó, sem betur fer. Fyrirtækjunum fjölga hins vegar sem skilja, að heilbrigt umhverfi og sjálfbær þróun er ekkert síður þeirra hagsmunamáli en einstaklinganna. Sum hafa tekið upp svonefnda græna reikninga, þar sem kostnaðurinn við að koma í veg fyrir eða lagfæra tjón, sem fyrirtækið veldur á umhverfinu með rekstri sínum, er tekið með í uppgjör fyrirtækisins. Þessu ber að fagna. Atvinnureksturinn og einstaklingarnir eiga að taka höndum saman í markvissri vitleitni við að tryggja sjálfbæra þróun.

Hins vegar eru þeir einstaklingar, sem telja að mannkynið sé þegar komið fram af brúninni og næsta öld muni verða öld vaxandi þrenginga. Þeir spá því að átök muni fara harðnandi á milli þjóða um aðgang að þverrandi nauðsynjum og náttúruauði. Þessir menn telja, að maðurinn sé svo blindaður í dansinum kringum gullkálfinn, að vonlaust sé að snúa þróuninni við. Satt er, að það eru mörg merki slíkrar þróunar. Hratt vaxandi fólksfjöldi, fátækt, hungur og

nauð veldur því að þjóðflokkarnir berast á banaspjótum. Á þessu þarf vissulega að taka. Ég trúí því að það sé unnt.

Einhverjir munu eflaust óttast, að staðfast markmið um sjálfbæra þróun muni leiða til skerðingar á hinu marglofada frelsi. Kannski er það rétt. Þó mundi ég fremur segja að beina þurfi frelsinu inn á nýjar brautir og í mörgum tilfellum heilbrigðari. Satt að segja er það orðið mikið áhyggjuefni hve margt virðist leyfast í nafni frelsis. Frelsi til að auðgast er orðið meginmarkmið og þá er oft ekki spurt að leiðum.

Frelsi er fögur hugsjón en vandmeðfarin. Frelsið má aldrei verða til þess, að á öðrum sé traðkað eða framtíð núlifandi og komandi kynslóða stefnt í vöð. Frelsinu á að beina að því, sem byggir upp í nútíð og framtíð. Gott er ef til þess þarf sem minnst af boðum og bönnum. Einhver lög og reglur verða þó ætíð nauðsynleg hvort sem markmiðið er sjálfbær þróun eða aðeins líðandi stund. Ef almennur skilningur ríkir um markmiðið sjálfbær þróun, hef ég ekki áhyggjur af skerðingu frelsisins.

Ég hygg að staðreyndin sé einhvers staðar á milli þeirra tveggja skodana, sem ég hef lýst að ofan. Því fer víðs fjarri að hættan sé engin fram undan og ég trúí því ekki, að orðið sé of seint að bregðast við. Ef hinni miklu þekkingu mannsins og krafti vísindanna er beint inn á réttar brautir, má leysa flestar þrautir.

Ég er jafnframt sannfærður um, að við Íslendingar getum átt forystuhlutverki að gegna í vitleitni mannkyns til að ná stöðu sjálfbærrar þróunar. Þá skodun byggir ég ekki síst á því, að ég tel auðveldara fyrir smáþjóð að sameinast um slíkt markmið en fyrir fjölmennari þjóðir. Það er einnig tvímælalaust auðveldara fyrir þjóð, sem ekki stríðir við vandamál offjölgunar, sem á töluvert landrými, er að stórum hluta sjálfri sér nóg um fæðu og á mikið af ónýttum auðlindum, en fyrir þjóð sem skortir flestar lífsþarfir.

Eðlilegt er að spyrja hvaða áhrif slíkt muni hafa á hag og velferð Íslendinga sjálfra, ef allar gerðir okkar eru vegnar á mælikvarða sjálfbærrar þróunar. Ég er sannfærður um að áhrifin yrðu mjög jákvæð. Ekkert væri betri kynning á landi og þjóð, ekkert mundi auglýsa betur íslenska framleiðslu og auka meira aðdráttarafl landsins fyrir erlenda ferðamenn. Við Íslendingar mundum hljóta mikla viðurkenningu og njóta mikillar virðingar fyrir framtakið.

Ad hverju leitum við í lífinu? Leitum við fyrst og fremst að meiri auði, meiri hagnaði og meiri arði af fjármagni? Svo mætti álykta af okkar hegðan. Ef við stöldrum aðeins við í lífsgæðakapphlaupinu, hygg ég að okkur verði ljóst, að öll þráum við fyrst og fremst frið, fegurð og hamingju. Ég er sannfærður um að ekkert stuðlar betur að slíkum gildum en þjóðfélag sjálfbærrar þróunar.

Stundum mætti halda að okkar eina hugsun sé afkoma núlifandi kynslóð-
ar. Svo er að sjálfsgöðu ekki. Öllum heilbrigðum einstaklingum er velferð af-
komendanna ekki síður kappsmál. Til þess að hún megi verða góð og ekki síðri
en okkar eigin er sjálfbær þróun ekki aðeins nauðsynleg heldur meginforsend-
an.

Sjálfbært Ísland er mín framtíðarsýn.